




# HÓLMASÓL Í HÁSKA

---

Brynhildur Þórarinsdóttir

Myndhöfundur  
Halldór Baldursson



## TIL LESANDA:

Þessi bók getur nýst þér á margan hátt. Fyrst og fremst er verið að **segja sögu krakka** sem hefðu getað verið uppi á landnámstímum.

Þú getur aukið við orðaforða þinn og lesskilning með því að **skoða orðin** sem gefin eru upp í byrjun hvers kafla. **Útskýringar** á þeim eru aftast í kaflanum. Þar eru einnig ýmsar vangaveltur og upplýsingar sem tengjast sögunni og getur verið gott að lesa til að dýpka skilning þinn á söguefninu.

**Aftast í bókinni** eru ýmis konar verkefni sem hægt er að vinna í samvinnu og einstaklingslega t.d. í þemavinnu og til að auka skilning á ýmsum þáttum í Íslandssögunni.




SÖGULANDIÐ

# HÓLMASÓL Í HÁSKA



Brynhildur Þórarinsdóttir  
Myndhöfundur Halldór Baldursson



**ÞORBJÖRG HÓLMASÓL** er dóttir landnámshjóna og landkönnuður í eðli sínu. Fæddist í hólma í Eyjafjarðará og fékk viðurnefnið af því. Forvitin og framtakssöm.

**ÞÓRIR HÁMUNDARSON** er frændi Hólmásólar og jafnaldri. Stór og sterkur eftir aldri og alltaf svangur. Félagi og hjálparhella frænku sinnar.



**ÞÓRUNN HYRNA** er mamma Hólmásólar og amma Þóris. Ættstór og virðuleg höfðingjadóttir frá Noregi. Fékk viðurnefnið af hyrnunni eða sjalinu sem hún er alltaf með og er nokkuð sátt við það (skárra en að vera Þórunn sokkur).

**KUNNAN** er írskur úlfhundur ættaður frá æskuslóðum Helga magra. Þótt nafnið Kunnan þýði grimmur úlfur á írsku er hann blíður og vingjarnlegur.



**HELGI MAGRI** er pabbi Hólmasólar og afi Þóris. Landnámsmaður í Eyjafirði, ríkur og völdugur. Móðir hans var kóngsdóttir á Írlandi og þar ólst hann upp, talar því bæði norrænu og gelísku (írsku). Var sveltur í æsku og fékk viðurnefnið eftir það.



**ASLA** var írsk ambátt og fóstura sem gætti fyrst Helga magna og síðan allra barnanna hans. Er orðin frjáls en gömul og fótlama og fær að hlýja sér við langeldinn í ellinni.

### **HÖGNI MJÓI OG MJÁRÚN HYRNA**

eru lúmskir laumufarþegar sem gerðust fyrstu landnámskettirnir í Eyjafirði. Voru orðin leið á frekjunni í loðna skógarkettinum sem vildi ráða yfir öllum köttum í Noregi. Ættforeldrar allra katta á Akureyri.



Þessi bók er skáldsaga sem byggist á heimildum um sögutímenn. Heimildirnar eru fornar skinnbækur sem heita *Landnáma* og *Íslendingabók* þar sem sagt er frá landnámi Íslands á 9. og 10. öld. Við vitum ekki hver er höfundur *Landnámu* en Ari fróði skrifaði *Íslendingabók* á fyrri hluta 12. aldar.



Í þessum fornu bókum er sagt frá hjónunum Helga magra og Þórunni hyrnu sem námu land í Eyjafirði. Sagt er frá fæðingu dóttur þeirra sem kom í heiminn þegar þau voru að flytja bú sitt: „Í búfærslunni varð Þórunn léttari í Þórunnareyju í Eyjafjarðará; þar fæddi hún Þorbjörgu hólmasól.“ Hún er sögð vera fyrsta barnið sem fæddist í Eyjafirði.




Sagnaritarar eins og Ari fróði höfðu mestan áhuga á ríkum körlum svo að vitneskja okkar um fyrstu íbúa landsins er býsna skökk. Þeir skrifuðu um marga karla, fáar konur og einstaka börn en ekki um fátækt fólk eins og vinnumenn eða þræla.

Við erum þakklát gömlu sagnariturunum því bækurnar þeirra eru mikilvæg heimild um landnámstímenn. En við leyfum okkur líka að bæta við og benda á fólk sem vantar. Það vildi Ari fróði sjálfur því hann skrifaði: Ef eitthvað er rangt í þessari bók er skylda að benda á það sem er sannara.



Dumbshaf

Grímsey



Eyjafjörður

Hirsey

Árskogsströnd

Galtarhamar

Kristnes



## 1. KAFLI

# KRISTNES

### Orð til skoðunar:

lokrekkja  
þil  
að vera yggld á brá  
rakki  
dögurður  
að teygja  
asi

„Þorbjörg hólmasól!“ Mamma æpir en ég læt sem ég heyri það ekki. Hún er á leið út í matar-búr og vill að ég komi með. Eins og vanalega á ég að fylgja henni og læra verk húsfreyjunnar. En ég vil ekki læra að búa til ost, þótt mér finnist hann góður. Ég hef aðrar fyrirætlanir.

Ég ligg í lokrekkjunni og læt fara lítið fyrir mér. Loka þétt að mér og hjúfra mig upp að heita brúna koddanum sem lyftist og hnígur svo notalega. Kunnan sefur, sem betur fer. Hann má alls ekki gelta því mamma vill ekki að hundurinn sé inni í lokrekkjunni. Hún segir að hundar eigi að búa með öðrum skepnum í útihúsunum. Mamma skilur ekki neitt. Kunnan er ekki skepna. Hann er besti vinur minn.


Þórir frændi er ágætur líka. Það er bara svolítið langt út á Árskógsströnd þar sem hann býr. Við hittumst ekki nógu oft. En það mun breytast bráðum. Þegar við ...

Allt í einu er þilinu hrundið upp og andlitið á mömmu birtist í gættinni. Hún er **yggld á brá**.

„Liggur þú hér og lætur daginn líða án þess að hafa nokkra iðju!“

„Ég legg á ráðin,“ segi ég.

„Og með rakkann hjá þér.“  
Það hnussar í mömmu.





Ég stugga við Kunnan svo að hann stekkur fram úr.

Ég brölti líka fram úr rekkjunni. Það gengur stíðlega því kyrtillinn er flæktur. Loks stend ég andspænis mömmu. Við erum jafnháar en ég rétti úr bakinu til að virka hærrí.



Mamma hækkar líka svo að hún hlýtur að standa á tám. Það er ógjörningur að sjá það því kyrtillinn hennar er svo síður.

„Hvaða fyrirætlanir eru það sem hafa af þér verkin?“ spyr mamma hvöss.

Það fýkur í mig. „Það mun tíminn leiða í ljós.“

„Ekki veit ég hvaðan þú hefur þetta skap,“ dæsir mamma.

Ég svara með háværu garnagauli.


Mamma réttir mér horn. „Drekktu þetta, skyrið verður að duga sem **dögurður**, við þurfum að hefjast handa.“

Ég tek við horninu og **teyga** í botn. Drykkurinn er súr og svalandi en hungrið er ekki horfið.

„Ingunn systir þín kemur bráðlega,“ segir mamma. „Hún hugðist koma í fyrstu viku sólmánaðar. Við þurfum að eiga nógan mat því henni fylgja margir menn.“

Það glaðnar yfir mér. „Kemur Þórir ekki með henni?“

„Ætli það ekki. Hún tekur son sinn alltaf með,“ svarar mamma og býr sig undir búrverkin með því að vefja hyrnunni þéttar utan um hárið.



Af hverju var sjálfsagt að eiga mat fyrir hóp af fólki sem kom í heim-sókn?

Ég hnúti á mig höfuðdúkinn. Hann er ekki eins finn og hyrnan hennar mömmu en mamma er líka virðulegust allra kvenna.

Við stígum niður af setinu og göngum í átt að langeldinum. Það snarkar og brestur í birkihrísinu og logarnir dansa. Ég sé að Kunnan liggur sofandi í hlújunni og vona að mamma taki ekki eftir honum. Hann hefur lagt sig hjá Öslu gömlu sem situr við eldinn og vermir á sér veika fæturna.

„Góðan dag, Asla mín,“ hvísla ég og hún heilsar með sama söngli og venjulega: „Borða, borða, borða.“

„Ég fæ engan dögurð, Asla,“ kvarta ég og gæti þess að mamma heyri.

„Ó, það má ekki svelta barn,“ hljóðar Asla.

„Hann Helgi litli var svo magur þegar hann kom heim frá Suðureyjum. Þá var Asla fengin til að sjá um matinn ...“

Mamma hvessir á mig augun. „Þorbjörg hólma-sól sveltur ekki eins og Helgi magri, hún fær mat á eftir,“ grípur hún fram í fyrir Öslu.



Hvað heldur þú  
að Hólmasól sé  
að undirbúa?

Mamma gengur hröðum skrefum framhjá langeldinum. Það er **asi** á henni. Logandi rauður kyrtillinn dansar um fætur hennar. Bláa skikkjan sveiflast frá öxlunum eins og beljandi foss. Það klingir í búrlýklinum sem hangir við beltið.

Ég elti hana út úr skálanum og út í búr þar sem allur maturinn okkar er geymdur. Kannski er gott að kunna að búa til ost. Ég þarf að koma mér upp matarforða ef allt á að ganga upp.

### ÚTSKÝRINGAR Á ORÐUM:

Lokrekkja er rúm með veggjum og jafnvel lofti, eiginlega klefi.

Þil þýðir hér rennihurð gerð úr þunnum spýtum.

Að vera yggld á brá merkir að gretta sig.

Dögurður var morgunverður á þessum tíma.

Rakki er stundum notað neikvætt um hund.

Að teyga þýðir að þamba.

Asi þýðir að flýta sér.



# VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR VIÐ 1. KAFLA

Asla gamla er að rifja upp sögu síðan Helgi magri var lítill. Þegar hann var barn á Írlandi var hann sendur í fóstur til Suðureyjja í tvö ár. Þar var hann sveltur og þegar hann kom til baka var hann svo mjór að hann var nær óþekktanlegur. Þess vegna fékk hann viðurnefnið magri.



Asla er ekki persóna úr Landnámu eða Íslendingabók en kona eins og hún gæti vel hafa fylgt Helga magra og þórunni hyrnu til landsins. Fjöldi írskra kvenna kom sem vinnukonur eða ambáttir (þrælar) til landsins og sumar þeirra voru fóstrur sem önnuðust fleiri en eina kynslóð, eins og Asla gerir í þessari sögu.



Ímyndaðu þér að Asla gamla sé að líta til baka. Hún hefur fylgt Helga magra síðan hann var átta ára og ekki endilega af fúsum og frjálsum vilja. Hvernig hefur líf hennar verið?



Kyrtill er eins konar kjóll eða síð skyrtta. Bæði konur og karlar klæddust kyrtlum en þeir voru missíðir.



Á þessum tíma notaði fólk önnur mánaðaheiti en við gerum. Sólmánuður var níundi mánuður ársins. Hann hófst í níundu viku sumars, það er á bilinu 18.–24. júní. Meira er um mánuðina aftast í bókinni.



## 2. KAFLI

# ÁÆTLUNIN

### Orð til skoðunar:

súr  
rjáfur  
sekkur  
kerald  
kvonfang  
knörr/knerri

Það er svalt í búrinu svo að ég vef sjalínu þéttar um herðarnar. Mamma brettir upp ermarnar á kyrtlinum sínum. Hún er rjóð í vöngum og strjúkur af enninu. Hún vinnur svo hratt að henni er aldrei kalt. Ekki einu sinni hér í búrinu þar sem aldrei er kveiktur eldur.

Hér eru tunnur með slátri og kjöti í **súr**. Reykt læri hanga í **rjáfrinu** og nokkrir ostar eru að þorna á efstu hillunni. Á gólfinu stendur tunna með mjöli og **sekkur** af korni sem á eftir að mala og litlir sekkir með kúmeni, skarfakáli og þurrkuðum fjallagrösom til að krydda brauðið. Ofan á borðinu er hunang frá Noregi, mjaðarlyng og beitylyng til að brugga mjöð. Lyngið ilmar og ærir upp í mér hungrið. Garnirnar gaula þar sem ég elti mömmu og gríp í verkin með henni.

Mamma hlær og teygir sig í lítinn sekk. Hún tekur upp handfylli af sölvum og réttir mér. „Tyggðu þessi söl, góða mín, svo steikjum við brauð á eftir.“


Það liggur betur á henni núna þegar ég er byrjuð að vinna. Við nemum staðar við stóra **keraldið** þar sem mjólkin er látin súrna. Mamma veiðir rjómann ofan af og setur í lítið ker. Ég stelst til að dúfa fingrinum í rjómann og sleikja meðan hún sækir aðra ausu. Síðan eys hún drykknum upp og ofan í ker. Ég sleiki út um, því sölin eru sölt og mig langar í sopa.

„Nú er komið að ostinum,“ segir mamma og ég fylgist náíð með. Ef mér tekst að læra þetta getum við þórir tekið svona kerald með okkur. Þá höfum við bæði skyr að drekka og ost að borða. Kjötið getum við útvegað sjálf, því þórir á góðan boga. Hann getur veitt gæs eða rjúpu sem við getum steikt yfir eldi. Ég fæ vatn í munninn af tilhugsuninni um nýtt kjöt.

„Komdu með ostamótið,“ segir mamma og réttir mér ausu.

Ég færi mótið nær henni. Það er klætt ljósu líni og nú fæ ég góða hugmynd. Það eru mörg ostamót hérna inni.

Mamma lætur mig ausa draflanum upp af botninum og setja í mótið. „Þjappaðu nú vel,“ segir hún.



Það er ferð framundan, hvert ætla krakkarnir?



Draflinn er þykkur og súr og ég finn að hann mun verða dýrindis ostur.

„Ingunn systir þín er vel gift,“ masar mamma meðan hún grandskoðar ostamótið hjá mér og þjappar betur í hornin. „Hámundur heljar-skin er ekki sá fríðasti en hann er traustur og sterkur og bóndi góður. Og tvíburabróðir



ríkasta landnámsmannsins. Þeir eru afar vel ættaðir, bræðurnir, synir Hjörs Hörðakonungs og Ljúfvinu dóttur Bjarmakonungs.“

Mamma lítur upp og hrukkar ennið.

„Einn daginn verður þú jafn gott **kvonfang** og systir þín, ef þú lærir betur á búrverkin og ferð að hegða þér eins og ...“

Ég get ekki setið á mér og gríp fram í:

„Ég kæri mig ekki um að verða gott kvonfang, ég vil ekki giftast.“

„Hvað þá? Hvernig ætlarðu þá að eignast heimili?“ spyr mamma og setur ostamótið á hilluna.

„Ég ætla að nema ný lönd,“ svara ég ögrandi.  
„Ég ætla að standa í stafni og stýra dýrum **knerri**, eins og frænka mín, Auður djúpúðga.“

Mamma dæsir. „Systir mín var fullorðin ekkja, rík og voldug, þegar hún sigldi frá Írlandi á stórum knerri með fjölda manns. Þú ert tólf vetra stúlka. Hvar ætlar þú að fá skip? Þú eignast ekki neitt nema að þú giftist.“



Er það ferðin?

Hvers vegna vill  
Hólmasól ekki  
að fullorðna fólkið  
viti af verkefni  
þeirra þóris?

Enn einu sinni þetta. Ég hef heyrt hundrað  
sinnum að ég komist bráðum á giftingaraldur.  
Það er einmitt þess vegna sem mér liggur á að  
klára verkið. Verkið sem mamma má alls ekki  
vita af.

Ég er að gera knörr í leynti, eins og Auður  
frænka.

### ÚTSKÝRINGAR Á ORÐUM:

Súr: kjöt og sjávarfang var lagt í súr til að það  
skemmdist ekki. Þá var það geymt í tunnu sem  
var fyllt með súrri mysu.

Rjáfur er innan á þaki, efst uppi þar sem  
bjálkarnir mætast.

Sekkur er poki.

Kerald er stórt ílát eða tunna.

Kvonfang: þegar talað var um að kona væri gott  
kvonfang þýddi það að hún virtist vænleg eiginkona.

Knörr/knerri er víkingaskip sem notað var til að  
sigla á milli landa (hér er knörr, um knörr, frá knerri,  
til knarrar).

# VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR VIÐ 2. KAFLA

Lín (léreft) var unnið úr  
stráum plöntu sem kallast hör.  
Algengasta efnið var þó vaðmál  
sem var unnið úr ull.



Söl eru þörungar sem finnast  
neðst í fjörum. Sölin eru mjög  
næringarrík og voru söxuð út  
í grauta og brauð eða þurrkuð  
og tuggin eins og snakk.



Drafli er eins konar mjólkurhlaup  
sem verður að osti. Osturinn  
var líklega mjúkur og svolítið  
súr á bragðið.



Bjarmaland var þar sem nú  
er Norðvestur hluti Rússlands,  
kringum Hvítahaf. Þangað sigldu  
norrænir víkingar. Mamma

Hámundar heljarskinns,  
eiginmanns Ingunnar, var  
kóngsdóttir frá Bjarmalandi.



Auður djúpúðga, einnig nefnd  
Unnur djúpúðga, kemur fyrir  
í Landnámu og Íslendingabók.  
Þar er hún sögð vera fyrst til að  
nema land á Vesturlandi. Hún  
lét smíða glæsilegan knörr í leynti  
og sigldi með fjölda manns  
frá Írlandi til Íslands.



Viðurnefnið djúpúðga merkir  
hin vitra. Hvernig kona heldur  
þú að Auður hafi verið?  
Hvaða eiginleika hefur hún  
þurft að hafa til að stýra  
svona leiðangri?





### 3. KAFLI

# ÞÓRIR ER KOMINN

Ingunn systir ríður fremst í flokki, **hnarreist** og virðuleg með rauða skikkju og höfuðdúk. Á eftir henni koma fimm menn og ég sé strax að einn þeirra er Þórir. Hann sker sig úr hvar sem hann fer með sitt hrafnsvarta hár og breiðu herðar.

Þau Þórir ríða saman að bænum þar sem húskarlarnir okkar taka við hestunum og teyma þá að læknum til að **brynna** þeim. **Húskarlar** Ingunnar fylgja þeim til að sækja farangurinn af hestunum.

Kunnan hleypur geltandi á móti gestunum og flaðrar upp um Þóri og síðan Ingunni. Hann dillar skottinu í gleðilátunum. Ég kalla hvasst á hann um leið og ég heilsa systur minni og frænda.

„Verið velkomin!“ kallar pabbi úr bæjardyrnum.

„Sæll, faðir minn,“ segir Ingunn.

„Sæll, afi,“ segir Þórir.

#### Orð til skoðunar:

hnarreist  
að brynna  
húskarlar  
að svelgjast á  
að drattast



Hvað er verið  
að meina?  
Hvað vita  
krakkarnir?



„Er Hámundur ekki með ykkur?“ spyr pabbi og skimar um. Ég heyri að hann er vonsvikinn.

„Ég ætlaði að fá hann til að aðstoða mig svolítið úti í smiðju,“ heldur pabbi áfram og við þórir lítum glottandi hvort á annað. Við vitum bæði hvað hann á við. Þeir Hámundur heljarskinn hafa lengi verið fóstbræður og geta hangið tímunum saman úti í smiðju að rifja upp gamla tíma. Þá er það ekki skyr sem þeir svolgra úr hornunum.

„Nei, Hámundur er ekki með í för,“ svarar systir mín. „Það sást til hvals á reki svo að hann varð eftir. Hann sendi þrælana meðfram ströndinni.“

„Skiljanlega, það þarf að verka hvalinn um leið og hann finnst,“ segir pabbi og stígur til hliðar svo að Ingunn komist inn. Hann reynir að varna Kunnan inngöngu en hundurinn smýgur milli grannra fóta hans. Pabbi riðar og þarf að styðja sig við dyrnar. „Hundóféti,“ tautar hann og kastar til skikkjunni um leið og hann skundar inn. Við þórir skellum upp úr.

Skálinn er heitur og ilmandi því mamma er að steikja brauð og stóri kjötpotturinn kraumar yfir eldinum. Kunnan er lagstur við langeldinn hjá



Öslu. Pabbi lætur sem hann sjái hann ekki. Honum gremst alltaf þegar hundurinn hlýðir honum ekki. Reyndar gegnir Kunnan aldrei neinum en pabbi er sá eini sem móðgast yfir því.



Mamma skenkir okkur öllum á diska og við setjumst saman til að borða. Þórir tekur hnífinn sinn úr slíðrinu og tætir upp í sig kjötið. „Ég gæti étið heilan hest,“ segir hann með fullan munninn.

„Þetta er geit,“ segi ég og lauma beini til Kunnans sem svarar með því að dilla skottinu.

„Heldurðu að ég finni það ekki á bragðinu?“ segir Þórir smjattandi. Hann brýtur legg í tvennt og sýgur merginn kröftuglega.

„Borða, borða, borða,“ sönglar Asla og pabbi gegnir henni með því að grípa síðasta ostbitann.

Mamma ætlar að rísa á fætur en ég sé mér leik á borði. „Ég skal sækja meiri ost, ég þarf jú að læra húsfreyjustörfin.“

Mamma lítur undrandi á mig en réttir mér svo búrlýkilinn.

„Þórir verður mér til aðstoðar,“ segi ég.

Þóri **svelgist** á mergnum. „Ekki er ég nú vanur kvennastörfum ...“ Hann lítur biðjandi á pabba sem er of upptekinn af ostinum til að sinna honum.


„Svona nú, þú getur orðið að gagni,“ segi ég og toga í kyrtilinn hans. Þórir **drattast** á eftir mér.

Ég hvísla að honum áætluninni á leiðinni út úr skálanum. Það lifnar yfir honum og hann opnar munninn en ég þagga niður í honum. Þórir hefur sterka rödd en núna verðum við að hafa hljótt. Það má ekki komast upp um okkur.

Ég opna búið og þórir stígur varlega inn í þetta kvennaríki sem hann á vanalega ekkert erindi í. Hann gegnir mér og sækir ost meðan ég finn það sem ég kom til að sækja. Línið í ostamótunum virðist sterkt og gott. Ég ríf innan úr nokkrum mótum og er komin með efni í fínasta segl. Línið fel ég bak við búið áður en við göngum inn í skálann og færum mömmu ostinn. Ég skila líka búrlyklinum og mamma krækir honum strax í beltið sitt.

„Hafið þökk fyrir!“ segir mamma og býður gestunum meiri mat.

„Borða, borða, borða,“ sönglar Asla gamla og pabbi gegnir eins og vanalega.



Meira um  
áætlunina.  
Spennan  
magnast.

Húskarlarlarnir eru komnir inn að borða.  
Þeir hafa hátt og það gengur hratt á matinn.

„Hvað skal haft hér til skemmtunar?“  
spyr einn þeirra og ropar hátt.

„Ég ætla að fara með kvæði,“ tilkynnir  
pabbi og ræskir sig.

Það glaðnar yfir fólkinu þegar mamma  
dregur fram mjöðinn og skenkir í hornin.

Það er að færast fjör í skálann.

Við þórir nýtum tækifærið og laumumst út.

### ÚTSKÝRINGAR Á ORÐUM:

Hnarreist þýðir að vera bein í baki, bera höfuðið hátt.

Að brynna er að gefa skepnum að drekka.

Húskarlar: Vinnumenn.

Að svelgjast á er að taka andköf því vökvi/matur  
hrekkur ofan í barkann.

Að drattast er að fara hægt og letilega.

## VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR VIÐ 3. KAFLA

Hér kemur hvalreki við sögu. Hval sem rak upp á ströndina þurfti að nýta strax til að kjötið skemmdist ekki. Úr lifrinni var síðan unnið lúsi til að lúsa upp bæina.

Nú er orðið hvalreki notað um mikið og óvænt happ. Hvernig myndir þú skýra þessa notkun orðsins?



Lúsi var verðmætt því engin önnur lúsing var í boði. „Lamparnir“ voru úr steini og nefndust kolur. Gerð var hola í steininn og lúsinu hellt ofan í hana. Í lúsið var stungið kveik úr blómi sem kallast fífa.

Geturðu ímyndað þér hvernig lyktin var af þessari lúsing?



Hugsaðu svo um bæi á þessum tíma. Í hverjum bæ var eiginlega bara eitt stórt herbergi sem nefndist skáli. Á miðju skálagólfinu logaði langeldur og þar var eldaður matur. Í skálanum svaf allt heimilisfólkið, borðaði og vann við handverk eins og vefnað, sauma og útskurð. Hvernig heldur þú að lyktin inni í skálanum hafi verið?



## 4. KAFLI

# SKIPASMÍÐAR

### Orð til skoðunar:

pungur  
háreysti  
laghentur  
forði  
firnasterkur

Það er kyrrt og hljótt og enginn maður sjáanlegur þegar við komum út. Aðeins hæurnar eru á vappi fyrir framan bæinn. Ég slít nokkur fíflablöð úr bæjarveggnum og kasta til þeirra og þær keppast um að ná þeim. Við þurfum ekki að óttast að þær kjafti frá.

Nú liggur mikið á að allt gangi upp. Ég skýst bak við búrið og gríp línið sem ég faldi þar en Þórir fer í smiðjuna. Hann kemur til baka með lítinn skinnsekk. „Ertu með allt sem við þurfum?“ spyr ég og hann hristir sekkinn. Það hringlar í járni.

„En þú?“

Ég brosi og lyfti línstaflanum. Ég er svo með nál og þráð í **pungnum** mínum, eins og alltaf.

Við göngum varlega framhjá bænum til að þurfa ekki að svara óþægilegum spurningum. Það er reyndar engin hætta á því að fólkíð inni heyrir til okkar, slík eru lætin inni í bænum. **Háreystin** berst gegnum þunna **húðina** í gluggunum.



Vissulega væri gaman að vera inni og hlusta á fjörleg kvæði en við höfum verk að vinna.

Við erum að nálgast brekkuna þegar ég verð vör við þrusk fyrir aftan okkur. Ég gríp andann á lofti. Hver er að fylgjast með ferðum okkar?

Ég snú mér snögg við.

Kunnan tekur á sprett til mín.

Ég anda léttar. „Svona, gamli vinur,“ segi ég og klóra honum á trúnninu svo að hann fari ekki að gelta. Kunnan mäsar og dillar skottinu. „Heim, Kunnan!“ skipa ég honum en hann nuddar bara höfðinu upp við mig til að fá meira klapp. Ég prófa írskuna og segi „Dom!“ eins hátt og ég þori en hún virkar ekki heldur. Kunnan er alveg mál-laus í dag.

Þórir hlær að honum. „Leyfðu honum að koma með, hann getur staðið á verði.“

Það er reyndar góð hugmynd. Við viljum ekki að neinn standi okkur að verki.

Við Þórir eigum leynistað í lundinum niðri við ána. Við höfum verið að smíða þar knörr því við ætlum í leiðangur.

Það er gott að smíða skip í þessum skógarlund,

enginn sér til okkar og nóg vex þar af viði, bæði sterkum reyniviði og mjúku birki.

Pabbi á öll tól sem þarf til að smíða skip þótt hann standi ekki í slíkum stórvirkjum núna. Hann á nóg með að byggja upp stórbýlið hér á Kristnesi. Hann lærði til verka hjá föður sínum sem var þekktur skipasmiður í gamla landinu. Þórir hefur lært af honum og er bæði sterkur og laghentur.

Ég hef ekki fengið að smíða með pabba en mamma hefur kennt mér að sauma. Það kemur sér vel því við getum ekki siglt ef við höfum ekki segl. Meðan Þórir smíðar sauma ég línið úr ostmótunum saman í segl.

Pabbi hefur þó kennt mér að þekkja stjörnurnar og áttirnar svo að ég mun stýra skipinu.



Auðvitað sé ég líka um **forðann** því Þórir hefur aldrei lært að sjá um mat. Þannig verður það, ég mun stýra skipinu og stjórna leiðangrinum. Þórir mun sigla skipinu og draga það upp í fjöruna því hann er **firnasterkur**. Við ætlum að nema land eins og foreldrar okkar gerðu þegar þau fluttu til Íslands. Pabbi minn, Helgi magri, stýrði leiðangrinum og fóstbróðir hans, Hámundur heljarskinn, var með í för. Hámundur sem Ingunn systir giftist.

Pabbi nam heljarstórt landsvæði og leyfði þeim sem sigldu með honum að byggja sér bæi. Hámundur reisti bæ á Árskógsströnd og þar bjuggu mamma og pabbi fyrsta veturinn, með Hámundi og Ingunni. Þá vorum við Þórir ekki fædd. Ég hugsa stundum um það hversu gaman það væri ef þau hefðu ekki flutt. Þá þyrftum við Þórir ekki að bíða í margar vikur eða mánuði eftir að hittast.

„Ég vildi að foreldrar okkar byggju enn þá öll saman á Árskógsströnd,“ segir Þórir, eins og hann hafi heyrt hvað ég var að hugsa.

„Það er ekki betra að búa á Árskógsströnd, það er auðveldara að rækta korn hérna á Kristnesi,“ svara ég eins og ég þurfi að verja ákvörðun

pabba að flytja. „Þú hefðir ekki fengið nýsteikt brauð áðan ef pabbi ræktaði ekki korn.“

„Ég veit það,“ segir Þórir hugsí. „Útsýnið er samt betra heima, við sjáum út allan fjörðinn og það er mikilvægt þegar maður ætlar að sigla til veiða. Við sjáum auk þess vel út í Hrísey. Vissir þú að rjúpunar þar eru sérstaklega gómsætar?“ Hann sleikir út um.

„Eigum við fara út í Hrísey og finna mat?“ bætir hann svo við. „Það eru oft selir þar líka.“

„Við skulum sigla enn lengra,“ segi ég.

„Það líst mér vel á,“ segir Þórir og mundar öxina. „Þá þurfum við traust siglutré fyrir langsiglingu.“ Hann velur ungt og grannvaxið reynitré og fellir það í fáeinum höggum.

„Það er önnur eyja fyrir utan minni fjarðarins sem er ónumin,“ held ég áfram. „Ef við nemum þar land getum við nefnt hana.“

„Þórisey hljómar vel,“ segir frændi minn drjúgur með sig.

„Ég stýri svo að það verður Þorbjargarey,“ leiðrétti ég.

Kunnan tekur undir með hvellu gelti.

Veit Þórir ekki hvert þau ætla? Er það Hólmasól sem ræður og er hún búin að ákveða hvert þau muni sigla?



# VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR EFTIR 4. KAFLA

Hvaða eyja er þetta fyrir norðan Eyjafjörð sem krakkarnir eru að tala um? Hvað heitir þessi eyja núna og hvernig ætli það nafn hafi komið til?



Tungumálið sem Íslendingar töluðu á þessum tíma kallaðist norræna. Það var málið sem þeir fluttu með sér frá Noregi og var talað víða um Norðurlöndin.

Íslenska er mjög lík gömlu norrænunni.



Hvaða tungumál eru töluð á Norðurlöndunum núna?



Hér kallar Hólmasól á írsku til Kunnans. Írska tungumálið var líka kallað gelíska. Hvernig heldur þú að hún hafi lært að tala írsku?



## ÚTSKÝRINGAR Á ORÐUM:

Háreysti er hávaði (háreysti = há raust eða hávær rödd).

Laghent/ur þýðir að vera lagin/n eða flink/ur að vinna í höndunum t.d. smíða, mála, sauma o.þ.h.

Forði merkir birgðir af mat.

Firnasterkur er að vera mjög sterkur.

Pungur eða pyngja var lítill poki úr skinni sem fólk hengdi í beltið sitt því engir vasar voru á fötunum.

Gluggar voru ekki úr gleri á þessum tíma heldur var þunn húð eða skinn strengt yfir lítil op í bæjarveggjunum.



## 5. KAFLI

# SIGLT AF STAÐ

### Orð til skoðunar:

græðlingar  
að vera ekkert að vanbúnaði  
matarkistill  
tinna og stál  
kjölfar  
vættir  
hólmi

Það er alltaf svo mikið um að vera þegar fólk er af Árskógsströnd kemur í heimsókn. Pabbi skipar húskörlunum til verka með sínum mönnum, í skógarhögg og smíðar, því hann er enn að bæta við bæinn. Kristnes á að verða mesta stórbúli á Norðurlandi, ef ekki öllu Íslandi, segir hann. Þórir á að hjálpa til en líka sendast fyrir pabba og flytja hópnum skilaboð og mat þegar þörf er á. Hann þarf því að vera á hesti sem kemur sér mjög vel fyrir okkur.

Ingunn fylgir mömmu í búrverkin og aðstoðar hana inni í skálanum. Hún hlúir að Öslu gömlu, hagræðir henni við eldinn og kemur ofan í hana kjötseyði. Það er gott að fá Ingunni því mamma hugsar minna um að kenna yngstu dóttur sinni húsfreyjustörfin á meðan hún hefur Ingunni að ræða við. Þær hafa greinilega um margt að spjalla og stundum tala þær í lágum hljóðum. Ég reyni að flækjast fyrir og grípa inn í samtalið til að verða örugglega send út.

„Farðu nú og sinntu hænunum,“ segir mamma á endanum.

Ingunn bætir við: „Þú skalt líka huga að akrinum. Fræin hljóta að vera farin að spíra. Það er ekkert sem faðir okkar óttast eins mikið og að geiturnar éti **græðlingana**.“

„Það er rétt, byggið er í hættu! Ég fer umsvifa-laust af stað,“ hrópa ég og mamma og Ingunn líta hvor á aðra.

Þar með er ég líka komin með hest. Við þórir ríðum eftir slóðanum að skógarlundinum okkar. Gráni og Blesa fá að bíta safaríkt grasið meðan við höldum áfram með skipasmíðarnar.

Þórir heggur og neglir en ég flétta reipi. Við þurfum langt og sterkt reipi til að halda seglinu og annað til að binda skipið þegar við drögum það upp í fjöruna á áfangastað. Ef við missum skipið frá okkur komumst við aldrei til baka úr eyjunni. Enginn mun vita hvar við erum. Það setur að mér hroll við tilhugsunina. Við ætlum ekki að setjast að í eyjunni heldur dvelja þar sumarlangt.

Loksins er skipið okkar tilbúið, glæstur knörr með völdugu siglutré. Þórir festir seglið kunnáttusamlega með reipinu. Hann setur líka traustar árar um borð því allur er varinn góður.

Nú er okkur ekkert að **vanbúnaði**. Það er kominn tími til að sigla af stað og gerast landnámsmenn.




Við þurfum að taka allt með sem getur komið að gagni á nýjum slóðum. Ég set **matarkistil** um borð og körfu með hlýjum sjölum og ábreiðum. Ofan í henni er líka það allra mikilvægasta, **tinna og stál** til að tendra eld. Þórir er með verkfæra-sekkinn. Ég er fegin að sjá að hann hefur tekið með sér bogann. Við ætlum ekki að svelta og koma þvengmjó til baka eins og pabbi þegar hann var drengur.

Sunnanáttin er kærkomin, hlý gola sem blæs út fjörðinn. Við drögum skipið okkar á flot og stökkvum um borð. Þórir vindur upp seglið en ég sest við stýrið. Við erum komin skammt frá landi þegar ég kem auga á buslugang í **kjölfarinu**. Ég kalla til Þóris sem er fljótur að fella seglið aftur til að hægja ferðina. Kunnan kemur svamlandi upp að skipinu, mäsandi með trúnið upp úr. Gamli tryggji Kunnan.

„Heim, Kunnan, Dom!“ skipa ég en Kunnan er greinilega með of mikið vatn í eyrunum til að heyra í mér. Hann buslar bara glaður kringum skipið.

Hvað gerum við nú? Hundurinn gæti elt okkur langt út á haf þar sem hann yrði étinn af hákarli eða sæskrímsli. Við Þórir lítum hvort á annað.



Hvernig vita krakkarnir hvað þau eiga að taka með sér í siglinguna?



„Gott og vel, komdu þá,“ segir Þórir loks og nú heyrir Kunnan vel því hann svamlar að borðstokknum. Skipið vaggar þegar Þórir togar hann um borð. Kunnan nuddar sér þakklátur utan í Þóri. Síðan hristir hann hressilega af sér vatnið svo að kyrtillinn hans Þóris rennblotnar. Þórir æpir en Kunnan er svo glaður að það er ekki hægt að skamma hann. Hann starir stórum brúnum augum á Þóri og dillar skottinu.

Nú erum við orðin þrjú í áhöfninni.

Það verður reyndar gott að hafa Kunnan með á nýjum slóðum. Hann er traustur varðhundur og getur fælt burtu illar **vættir**. Hver veit hvað bíður okkar í mannlausri eyju.

Þórir dregur aftur upp seglið. Það tekur vel við blæstrinum og báturinn skríður hratt eftir lygnri Eyjafjarðará. Við siglum framhjá Þórunnarhólma sem mér þykir svo vænt um. Þar fæddist ég þegar mamma og pabbi voru að flytja að Kristnesi. Pabbi segir þessa sögu stundum til að skemmta fólki, hvernig dóttir hans ákvað að koma í heiminn í **hólma** úti í Eyjafjarðará.

Mamma hristir þá bara höfuðið. Hún segist ekki skilja hvað pabbi var að hugsa að skipuleggja flutninga þegar hún var komin svona langt á leið.

„Ég nefndi svo hólmann eftir henni Þórunni minni, Þórunnarhólma,“ segir pabbi þá alltaf.  
„Og litlu dótturinni gaf ég viðurnefnið Hólmasól.“



Hvað er  
mamma  
að meina?

„Já, þú gerðir allt sem skiptir máli í þessari sögu,“ segir mamma þá og allir hlæja í skálanum.

Þórir hefur oft heyrt þessa sögu. Hann bendir glottandi á hólmann og spyr hvort ég vilji ekki fara heim.

„Ég stefni lengra,“ kalla ég til hans og læt sem ég skilji ekki stríðnina.

Ég fæddist í hólma en ætla að nema land í eyju.

Þetta verður ríkið mitt, Þórunnarhólmi og Þorbjargarey.

### ÚTSKÝRINGAR Á ORÐUM:

Græðlingar eru ný sprottnar, viðkvæmar plöntur.

Að vera ekkert að vanbúnaði þýðir að vera tilbúin/n, það vantar ekkert upp á.

Kistill er trékassi með loki. Matarkistillinn er nestiskassinn þeirra.

Kjölfar er farið eða rákin eftir skipið á yfirborði vatnsins.

Vættir (vættur) eru yfirnáttúrulegar verur úr öðrum heimi.

Hólmi er mjög lítil eyja.

# VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR VIÐ 5. KAFLA

Helsta aðferðin við að  
kveikja eld á landnámsöld  
fólst í að slá tveimur hörðum  
efnum saman, tinnusteini  
og (eld)stáli. Við það myndast  
neisti en til að eldur kvikni þarf  
neistinn að lenda í þurru efni,  
til dæmis þurrkuðum mosa  
eða tréspænum. Það þarf mikla lagni  
og æfingu til að kveikja eld  
með þessum hætti.



Hvers vegna heldur þú  
að Hólmasól kalli tinnuna  
og stálið það mikilvægasta?  
Til hvers þurfa krakkarnir  
að geta kveikt eld?





## 6. KAFLI

# SÖLVADALUR

### Orð til skoðunar:

stæðilegur  
kastaníuhnetur  
göltur og gylta  
að silast um  
hamar  
líkneski

Við siglum framhjá **stæðilegum** kletti. „Þetta er Galtarhamar,“ segi ég því pabbi hefur kennt mér að þekkja landið sitt. Þetta svæði er í sérstöku uppáhaldi hjá honum.

„Ég skil það,“ segir Þórir hlæjandi og virðir fyrir sér stærðarinnar svín sem starir forvitnum augum á okkur. Hópur af grísum trítlar í kringum það.

Það gleður mig að sjá svínahjörðina. „Manstu eftir sögunni sem pabbi sagði okkur, um svínin á Írlandi. Á Írlandi gengu svínin frjáls um skógana. Þau átu **kastaníuhnetur** sem hrundu af trjánnum.“


Þórir kinkar kolli án þess að líta af svíninu. Ég er viss um að hann er að ímynda sér hvernig það bragðast. „Láttu bogann eiga sig,“ segi ég til öryggis og Þórir andvarpar.

„Pabbi gerði tilraun stuttu eftir að þau fluttu til Íslands,“ rifja ég upp. „Það vaxa engin hnetutré á Íslandi. Hann vissi því ekki hvort svín myndu lifa af í íslenskri náttúru en hann

langaði að prófa það. Dag einn sigldi hann af stað með tvö svín, digran gölt og spræka gyltu. Gölturinn hét Sölvi en ég held að gyltan hafði ekki verið komin með nafn. Þegar hann sá dalinn hérna bað hann húsarlana að stefna að ströndinni og setja svínin í land. Þeir voru víst hjartíma að koma svínunum frá borði en loksins hafðist það. Gyltan fór strax að leita að æti en gölturinn silaðist skítandi um, eins og til að merkja sér landið. Á endanum nam hann staðar við stóra klettinn, rýtti hátt og rýndi virðulegur út á hafið. Nú heitir þessi klettur Galtarhamar, sagði pabbi þá og bað húsarlana að muna það. Galtarhamar, Galtarhamar, endurtóku þeir,“ og ég breyti röddinni til að herma eftir þeim.

„Galtarhamar, Galtarhamar,“  
bergmálar Þórir hlæjandi.

Kunnan geltir undir.



Ég held áfram með söguna þegar þeir þagna.

„Pabbi rak svínin síðan í dalinn hérna upp af Galtarhamri og skildi þau þar eftir. Þremur árum síðar gerði hann sér ferð hingað til að kanna hvort þau lifðu. Sölvi og gyltan hans höfðu aldeilis spjarað sig vel í náttúrunni. Þau voru orðin virðuleg gamalsvín með ótal grísi og grísagrísi. Þegar hann kannaði dalinn fann hann þar sjötíu svín. Síðan heitir þessi dalur Sölvadalur.“

Þórir hlær. „Þú kannt sannarlega að segja sögu.“

Ég brosi út að eyrum. Það nemur enginn nýtt land án þess að hafa með sér sögur og kvæði.

Þórir starir enn á svínin. „Sjötíu svín eru svakalega stór hópur. Afi tekur ekkert eftir því þótt einn eða tveir grísir hverfi,“ segir hann og strjúkur glottandi á sér magann.

Ég þori ekki annað en að gefa honum að borða. Matarkistillinn er sneisafullur af girnilegum mat sem ætti að endast þar til við getum bjargað okkur sjálf um fugl og fisk. Við fáum okkur slátur og drekkum skyr með. Þetta er himnesk máltíð. Kunnan fær líka bita af slátri og svolítið vatn að drekka.

Hvaða máli  
ætli sögur og  
kvæði hafi skipt  
á þessum tíma?



„Hvert eigum við að stefna?“ spyr Þórir þegar hann er orðinn saddur. Hann styður hönd á ennið til að skyggja fyrir sólina. „Viltu sigla austur fyrir eða vestur fyrir Hrísey?“

„Við látum Þór ráða för, eins og faðir minn gerði þegar hann nam land á Íslandi,“ svara ég og dreg lítið Þórslíkneski upp úr pungnum mínum. Ég er við öllu búin.

Ég kasta líkneskinu í sjóinn og við fylgjumst með Þór berast með öldunum. Hann



hringsnúst og skoppar áður en hann rekur til hægri.

„Þór velur austur,“ segi ég og þar með er það ákveðið.

Við siglum austur fyrir Hrísey og stefnum svo út fjörðinn í átt að óbyggðu eyjunni norður af landinu. Eyjunni sem ég ætla að eigna mér. Þetta verður auðveld sigling í svona góðum byr og björtu veðri. Leiðin er nokkuð löng en ég reikna með að við verðum komin um miðnætti.

### ÚTSKÝRINGAR Á ORÐUM:

Stæðilegur þýðir hér hár og mikill.

Kastaníuhnetur eru hnetur af kastaníutré sem vex víða t.d. í Evrópu.

Göltur og gylta eru karl- og kvendýr svína.

Að silast um þýðir að ganga hægt um.

Hamar, hér merkir orðið klettur.

Líkneski er höggmynd eða stytta úr tré eða steini. Þórslíknesið er úr tré því það flýtur.



# VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR VIÐ 6. KAFLA

Sagan af svínunum hans  
Helga magra er í fornritunum.

Ástæðan fyrir því að hann  
sleppti svínunum er samt ekki rakin.

Hann gæti hafa verið að nýta sér  
reynsluna frá Írlandi  
eins og hér er gert ráð fyrir.  
Þegar við skrifum um landnámsöld  
verðum við að geta  
í eyðurnar og draga ályktanir.



Hvers vegna heldur þú að  
hann hafi sett svínin tvö í land?



Hvaða máli skipti fyrir búskapinn  
að svínin gætu bjargað sér  
úti í náttúrunni?



Hvað ætli hafi orðið um  
svínaættina í Eyjafirði?  
Eru villt svín á Íslandi  
nú til dags?



Í Landnámu stendur að  
Helgi magri hafi gefið  
geltinum nafnið Sölvi en  
gyltan fékk ekkert nafn.

Hvað segir þetta um  
viðhorf fólks til dýra?

Hvað myndir þú  
nefna gyltuna?



## 7. KAFLI

# DUMBSHAF HIÐ HÆTTULEGA

Orð til skoðunar:  
glaðhlakkalega  
risi – tröll – þurs  
geirfugl  
borðstokkur  
siglutré  
náðhús  
ámátlegt  
kvíga

Sólin er í norðvestri sem þúðir að það er **miðaftann**. Golan er orðin að vindi og við þjótum áfram, austur fyrir Hrísey og áfram út fjörðinn.

„Við verðum að gæta þess að fara ekki alla leið norður í Dumbshaf,“ segir Þórir **glaðhlakkalega**.

Ég ætla að sjálfsögðu ekki svo langt. Það veit hver maður að konungurinn í Dumbshafi er afkomandi **risa** og **trölla**. Hver veit hversu stór og grimmur hann er? Við eigum engan hamar til að berja á **þursum**, eins og Þór. Ef við ættum Mjölni þyrftum við ekkert að óttast en við erum bara með venjulegan boga. Ör úr honum myndi í mesta lagi kitla risatröll.

Það setur að mér hroll við tilhugsunina.

„Við siglum ekki lengra en út í eyjuna fyrir norðan. Þar nemum við land,“ svara ég því ákveðin.

„Þorbjargarey,“ segir Þórir og bætir spenntur við: „Það hlýtur að vera mikið um sel svona norðarlega, eða **geirfugl!**“ Hann sleikir út um.

Við siglum áfram í kvöldsólinni. Fjörðurinn er þröngur svo ég er viss um að við stefnum í rétta átt en hann er ótrúlega langur. Þetta er seinlegri ferð en ég reiknaði með. Þórir er farinn að þreytast við að stjórna seglinu.

„Segðu mér sögu,“ biður hann geispandi og nuddar augun.

Mér bregður, hann má alls ekki sofna hérna úti á sjó. Ég vel söguna um Sigurð Fáfnisbana sem ég veit að er í uppáhaldi hjá honum. Drekin Fáfnir gætti gulls sem var falið á árbotni. Sigurður náði að drepa drekan og eignaðist gríðarmikinn fjársjóð.

„Ég er viss um að það er gull hér á hafsbotninum,“ segir Þórir og horfir dreyminn út fyrir **borðstokkinn**. Annaðhvort er þetta rétt hjá honum eða sólargeislarnir að plata okkur. Það glitrar í það minnsta á sjóinn.

Það er farið að hvesa og vindinum fylgir kul. Það er eins og kuldakrumla grípi um herðarnar. Ég sé að þóri er líka orðið kalt. Hann hryllir sig

og nuddar saman höndum til að ná í sig hita.  
Nú er gott að vera við öllu búin.

Karfan með sjölunum er þétt upp við siglutré.  
Ullin bjargar öllu, eins og Asla var vön að  
segja þegar kalt var í veðri. Hún átti það






til að vefja um mig tveimur ullarsjöllum þótt  
ég væri ekki að fara lengra en á **náðhúsið**.  
Elsku Asla, ég á eftir að sakna hennar. Ég  
finn það á mér að við hittumst ekki aftur.

Þegar ég dreg körfuna fram er hún þyngri  
en ég býst við. Hún er líka háværingi, því  
**ámátlegt** mjálm berst undan öðru sjalínu.  
Þegar ég tek það upp mæta mér  
fjögur græn augu.

Ég hefði átt að vita þetta.  
Höggi mjói og Mjárún hyrna  
eru þekktir laumufarþegar.  
Þau laumuðust með pabba  
og mömmu frá Noregi,





Það fjölgar enn  
í áhöfninni,  
hvaða áhrif  
gæti það haft?



á flóttu undan frekum loðnum skógarketti,  
eins og pabbi segir. Nú eru þau aftur lögst  
í ferðalag í ellinni.

Högni mjói teygir úr sér og skimar um skipið  
en Mjárún hyrna sleikir á sér loppurnar.

Nú erum við orðin fimm í áhöfninni.

Kunnan er ekki sáttur við þessa fjölgun.  
Hann urrar á kattaparið sem hvæsir á móti.

Þórir fórnar höndum.

Ég róta eftir harðfiski í matarkistlinum til  
að róa þau öll. Þórir fær stærsta bitann.

„Hvað verður það næst, geit?“ segir hann  
með fullan munninn. Hann japlur á þurrum  
fiskinum. „Það væri reyndar gott að fá volgan  
mjólkursopa núna.“

„Þú færð skyr að drekka þegar við komum  
í land,“ segi ég því ég vil spara drykkinn.  
Það verða örugglega lækir í eyjunni sem  
við getum sótt vatn í.

En kannski hefðum við átt að taka geit eða kind  
með. Við eigum ekki eftir að bragða mjólk fyrr  
en í haust. Það eru engin villt spendýr á Íslandi  
nema refir og ekki förum við að mjólka tófur.

Ég vef um mig sjalínu en Þórir eftirlætur köttunum sitt svo að þeir verði til friðs í körfunni. Skipinu myndi hvolfa ef þeir færu að hlaupa um með Kunnan á eftir sér. En hvað verða þeir lengi rólegir? Ég hefði kosið gagnlegri áhöfn, einhverja með sterka handleggi til að róa. Þessar litlu loppur grípa ekki í árarnar.

„Hvað er eiginlega langt út í þessa eyju?“ andvarpar Þórir sem greinilega er að þreytast í höndunum á að halda í reipið.

„Ekki svo mjög, við nálgumst,“ svara ég og reyni að hljóma sannfærandi. Við erum löngu komin framhjá Hrísey og fjörðurinn verður breiðari og breiðari. Við stefnum út á opið haf en hvergi bólar á eyjunni. Samt veit ég að hún er þarna fyrir utan, pabbi kom auga á hana þegar hann nam herna land en þótti hún of fjarri landi. Hann ætlaði að eiga hana til góða.

Enn hefur enginn stigið þar á land svo ég get orðið fyrst. Ég hlakka til að helga mér landið. Það rennur allt í einu upp fyrir mér að við hefðum ekki átt að taka kind með heldur **kvígu**. Kona sem ætlar að nema land má aðeins eignast sér eins stórt land og hún getur leitt kvígu um

milli sólarupprásar og sólarlags. Hvernig get ég núna helgað mér eyjuna?

Hvellt gelt útir við mér og um leið finn ég lausnina. Kunnan er brúnn og blíðeygur eins og kýr. Ég þarf bara að koma á hann taumi.

### ÚTSKÝRINGAR Á ORÐUM:

Glaðhlakkalegur þýðir broslegur, glaðlegur.

Þurs, risi, tröll eru samheiti yfir stórar ævintýraverur.

Geirfugl var stór sjófugl sem dó út við Ísland 1844.

Borðstokkur er efsti hluti á bát eða skipi, ramminn sem liggur ofan á bátskrokknum.

Siglutré er ráin eða stöngin sem seglið er fest við á miðjum flekanum.

Náðhús er kamar eða lítið útihús þar sem fólk gerði þarfir sínar (pissaði og kúkaði).

Ámátlegt er veiklulegt hljóð eða vein.

Kvíga er kvenkyns kálfur, orðið er núna oftast notað um unga kýr sem hefur eignast kálf.

## VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR VIÐ 7. KAFLA

Miðaftann er klukkan 18.  
Meiri upplýsingar um tímanna  
eru aftast í bókinni.



Dumbshaf var norður af Íslandi  
og markaðist af Grænlandssundi  
í vestri, Grænlandshafi í norðri  
og Noregshafi í austri. Ýmsar  
sögusagnir voru tengdar  
Dumbshafi, Dumbur konungur  
átti að vera kominn af risum  
í föðurætt og tröllum í móðurætt.  
Í einni sögu kemur líka eineygður  
maður úr Dumbshafi.

Menn sögðu að það hefði  
verið Óðinn í dulargervi.



Hvernig ætli svona sögur hafi  
orðið til? Um hvaða svæði heldur þú  
að mestu ævintýrasögurnar  
hafi orðið til?



Ólíkar reglur voru fyrir karla og  
konur sem vildu nema land ef marka  
má Landnámu. Karlmaður mátti  
nema eins stórt land og hann gat  
afmarkað með eldi á einum degi.  
Áhöfnin af skipinu hans mátti hjálpa  
til. Kveikja þurfti eld með ákveðnu  
millibili og alltaf varð að sjást í næsta  
eld. Kona mátti nema eins stórt  
landsvæði og hún gat leitt kvígu  
í kringum frá sólarupprás til  
sólarlags á vordegi.



Hvað finnst þér um þessar  
landnámsreglur? Hvort heldur þú  
að karlar eða konur hafi náð að  
nema stærra landsvæði með  
þessum reglum?



## 8. KAFLI

# ÓKIND

Orð til skoðunar:

Ókind  
hamur (valshamur)  
raf  
að véla einhvern

Mér er hætt að lítast á blikuna. Þótt sólin sé farin að nálgast náttstað sinn er enn bjart. Nógu bjart til að ég sjái ekkert framundan. Ekkert nema hafið blátt. Hvar ætli Dumbshaf taki við með sína risa og tröll?

Þórir er orðinn þungur á brún.

Kunnan er flúinn undir fæturna á honum.

Ég horfi á kettina í körfunni við hliðina á mér. Þeir eru glaðvakandi og mjálma órólegir. Við þráum öll að komast í land.






Ég tek Högna mjóa og Mjárúnu hyrnu upp og vef þeim inn í sjalið mitt til að róa þau. Ég vildi að ég væri Freyja og gæti beitt þeim fyrir vagninn minn. Þá myndi ég bjóða Þóri og Kunnan far og aka með okkur öll á brott. Kettirnir myndu draga vagninn um himininn og flytja okkur út í eyjuna.

Ef ég væri Freyja ætti ég líka **valsham** og gæti breytt mér í fugl. Ég yrði að stórum fálka og gripi Þóri með klónum til að bjarga honum. Freyja hefði mörg ráð til að komast úr sjávarháska en við eigum engin. Við þurfum að treysta því að gæfan verði okkur hliðholl. Að örlaganornirnar hafi spunnið okkur lengri þræði.

Ég fitla við hálsfestina mína sem er ekki eins fín og menið sem Freyja á. Brísingamenið hennar er smíðað af dvergum en mína festi gerði pabbi úr tréperlum.

Þórir er með festi úr **rafi** úr austurvegi. Hún er merkileg því í einum rafmolanum er lítil fluga. Það er eins og hún **hafi verið véluð** inn í skartið.


„Ertu kannski göldróttur eins og aðrir frá Bjarmalandi?“ spyr ég í veikri von um lausn.



Hverjar eru þessar örlaganornir? Og hvaða þráð er Þorbjörg að hugsa um?

Þórir hvessir á mig kolsvörtum augum.  
Mér finnst eins og ég sé að breytast  
í flugu og forða mér undan augnaráðinu.

Við megum ekki fara að rífast. Nú þurfum  
við að beina allri athygli að siglingunni.  
Þórir á fullt í fangi með seglið. Ég á líka  
fullt í fangi með stýrið sem slæst til og  
frá í ölduganginum. Sjórinn skvettist  
yfir borðstokkinn og kyrtlarnir okkar  
eru orðnir blautir. Við erum líka  
hundblaut í fæturna því  
við höfum ekki náð  
að ausa skipið.



Ég lít á þóri og ætla að bæta fyrir galdra-  
spurninguna en kem ekki upp orði því fyrir  
aftan hann birtist skuggi undir haffletinum.  
Stór svartur skuggi sem færist nær og nær.

Skyndilega klýfur hann yfirborðið og gríðarstór  
kjaftur blasir við.



Ég reyni að æpa en orðin eru föst í hálsinum:  
„Hva – hva – hva... “.

„Hvað?“ Þórir lítur um öxl.

Svo öskrum við samtímis: „Hvalur!“

Hvalur sem rekur á land er happafengur.  
Matur fyrir fjölda fólks og lýsi fyrir langan vetur.  
En lifandi hvalur sem er stærri en skipið manns  
er **ókind**. Hann gæti gleypst okkur með húð og  
hári og knörrinn með.

Við megum engan tíma missa.

Við hömumst í seglinu og stýrinu til að breyta  
um stefnu en ekkert gengur, alls staðar gnæfir  
þessi risastóri hvalur yfir okkur. Allt í einu rennur  
það upp fyrir mér að hann er ekki einn á ferð.  
Hvalirnir eru þrír og þeir stökkva til skiptis upp  
úr sjónum. Þeir minna á risastóra fugla með allt  
of litla vængi. Eða hræðileg sæskrímsli.

Skelfingin heltekur mig. Ég sé á svipnum á Þóri  
að hann er líka logandi hræddur. Hann reynir  
að beita upp í vindinn en það vill ekki betur  
til en svo að saumarnir í seglinu gefa sig.  
Stærsta ostalínið þeytist upp í loft og berst  
með vindinum út í hafsauga. Leifarnar af

seglinu slást framan í þóri sem grípur í siglutréd til að missa ekki jafnvægið þegar skipið tekur djúpa dúfu. Síðan skýst það upp aftur með næstu öldu og við eigum fullt í fangi með að halda okkur. Kunnan úlfrar ámatlega og ég vona að hann sé öruggur hjá þóri.

Veltan er svo kröftug að allt lauslegt tekst á flug.

Mér til skelfingar sé ég að matarkistillinn flúgur út í sjó. Karfan hendist sömu leið og ég er dauðfegin að hafa tekið Högna mjóa og Mjárúnu hyrnu úr henni. Ég finn að þau hjúfra sig að mér inni í sjalínu.

Árarnar takast líka á loft og skutlast fyrir borð. Þórir reynir að teygja sig eftir annarri þeirra en nær ekki taki á henni. Árarnar rekur hratt frá skipinu og verða brátt að litlum sprekum út við sjóndeildarhringinn. Við erum búin að missa bæði segl og árar og höfum enga stjórn á ferðinni lengur. Stýrið kemur að litlum notum en ég þori samt ekki að sleppa því.

Skipið skoppar stjórnlaust á öldunum sem myndast þegar hvalirnir stökkva úr sjónum. Ég efast ekki um að þeir vilji éta okkur. Þeir virðast gráðugir og grimmir eins og hvalirnir



í sögunum hans pabba. Rángjarnir risahvalir sem umkringja aðrar sjávarskepnur og ráðast á þær í hópum.

Nú verðum við að treysta á þau sem öllu ráða. Við áköllum heilagan Nikulás, verndardýrling sæfarenda, og sjávarguðinn Njörð, föður Freyju. Við heitum líka á Þór eins og faðir minn gerir alltaf til sjóferða.

Eitthvert þeirra hlýtur að vera á verði.

### ÚTSKÝRINGAR Á ORÐUM:

Ókind þýðir ófreskja

Hamur (valshamur) eru fjaðrir á fugli eða skinn á dýri en hér er valshamur fuglsbúningur.

Raf er ævafornt storknuð trjákvöða sem lítur út eins og gulur demantur.

Að véla einhvern merkir að lokka einhvern eða plata.

## VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR VIÐ 8. KAFLA

Þegar farið var í austurveg var siglt um Eystrasalt og upp árnar til Garðaríkis. Þetta svæði tilheyrir núna Úkraínu og Rússlandi.

Í Landnámu kemur fram að Helgi magri hafi verið blindinn í trúnni. Það merkir að hann trúði á Krist en hét samt á Þór þegar mikið lá við. Hér eru krakkarnir líka blendnir í trúnni því þau blanda saman kristni og heiðni.



Heilagur Nikulás kemur úr kristni en hann var dýrlingur sæfarenda og annarra ferðalanga. Njörður, Freyja og Þór eru úr heiðni.



Freyja var ein af ásynjunum í Ásgarði í heiðni. Hún var gyðja ástarinnar en einnig var heitið á hana til að auka frjósemd lands og sjávar, það er til að fá betri uppskeru og meiri fisk. Freyja ók um í vagni sem kettir drógu og hún átti valsham, það er búning sem breytti henni í fálka (valur er fálki). Hún átti hálsmen smíðað af dvergum, Brísingamen, sem Óðinn sjálfur girntist. Til er saga af því þegar Óðinn reyndi að eignast Brísingamenið.

Bæði konur og karlar báru skartgripa á þessum tíma.




Hvað veistu um þessi fornu goð?



## 9. KAFLI

# RISATRÖLL



Orð og orðasamband  
til skoðunar:  
gallsúrt  
að gæta einhvers eins  
og sjáaldurs augna  
sinna

Hvalirnir stökkva hraðar og hraðar, eins og þeir njóti þess að hræða okkur. Knörrinn kastast upp og skellur niður við sporðaköstin. Ef þeir halda svona áfram á skipið eftir að liðast í sundur. Mér finnst ég sjálf vera að liðast í sundur.

En skyndilega kyrrist sjórinn. Hvalirnir synda burt og skilja okkur eftir skelkuð en ósködduð. Við erum þó ekki alveg heil heilsu því við erum bæði úrvinda og sjóveik eftir allan veltinginn. Um leið og ófreskjurnar eru horfnar beygjum við okkur yfir borðstokkinn og tæmum magann í sjóinn. Bragðið er **gallsúrt** og ég þrái vatn að drekka en það er ekki dropi af fersku vatni um borð, aðeins saltur sjór sem enginn getur drukkið. Ég sé matarkistilinn fyrir mér skoppandi á öldunum. Bara að við hefðum bundið hann við skipið. Þá hefðum við getað dregið hann til okkar aftur. Þá ættum við núna slátur, harðfisk og ost og svalandi skyr að drekka.





Hvers vegna var það svo mikilvægt að passa vel upp á lykilinn að matarbúrinu?

Mér verður hugsað til mömmu. Hún hefði ekki gengið svona kæruleysislega frá matarbirgðunum. Hún **gætir** lykilsins að matarbúrinu **eins og sjáaldurs augna sinna**. Ég fæ sting í magann, á ég einhvern tímann eftir að hitta mömmu aftur? Nú kúgast ég enn meira og æli næstum úr mér innyflunum.

Nokkrir mávar koma gargandi og gæða sér á gubbinu. Þórir lítur vondaufur á þá. Hann er enn með bogann um öxlina en lætur hann eiga sig. Ég veit hvað hann er að hugsa. Hvað eigum við að gera við dauðan máv þegar eldfærin eru horfin? Ég gæti reynt að kveikja eld með því að nudda saman trjágreinum en til þess að það gangi þarf þurrar greinar og skraufapurran mosa til að grípa neistann. Það er enginn þurr gróður hér um borð og varla þurr þráður á okkur heldur.

Svolítill rigning myndi samt gleðja okkur núna. Ég get ekki hætt að hugsa um vatn. En það er ekki ský á himni. Sólin situr á sjóndeildarhringnum og varpar rauðgullnum bjarma á bæði himin og haf. Eina vonin er að okkur reki að landi áður en við deyjum úr þorsta. Menn deyja fyrr úr þorsta en hungri,



segir pabbi. Ég er ekki viss um að það eigi við um þóri. Hann er svo skelfilega svangur á svipinn.

Matarleysið og vatnsskorturinn eru þó ekki einu áhyggjuefnin. Og í rauninni ekki heldur þau alvarlegustu. Okkur rekur stjórnlaust í norður í átt að miðnætursólinni. Framundan er ekkert nema opið haf. Ef ekkert stoppar okkur rekur okkur út á hið hræðilega Dumbshaf. Í samanburði við risa og tröll eru ránhvalir saklausar skepnur. Ég hef heyrt sögur af tröllum sem éta manneskjur. Dumbur konungur er bæði tröll og risi. Hann mun bryðja okkur eins og þurrkuð fjallagrös.

Er þetta það sem örlaganornirnar hafa ákveðið? Hversu grimmar geta þær verið við okkur?

## VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR VIÐ 9. KAFLA

Fjallagrös voru notuð í seyði  
eða graut og til að krydda slátur  
og brauð. Þau voru einnig  
talin hafa lækningamátt.




Í fornum sögum kemur fram  
að fólk trúði því að örlögin  
væru fyrirfram ráðin.

Örlaganornirnar Urður, Verðandi  
og Skuld stýrðu örlögum fólks með  
því að spinna fyrir það örlagaþráð.  
Þær gátu klippt á þráðinn  
þegar þeim sýndist og þá  
var úti um fólk.

Er þetta trúverðugt?

Hvað finnst þér  
um þetta viðhorf?





### ÚTSKÝRINGAR Á ORÐI, ORÐASAMBANDI:

Gallsúrt: gall er meltingarvökvi sem kemur úr lifrinni. Gallið er mjög súrt og með því að setja þessi orð saman er verið að lýsa einhverju sem er afskaplega súrt og vont á bragðið.

Að gæta einhvers eins og sjáaldurs augna sinna:

Sjáaldur í auga lítur út eins og lítill svartur steinn en er í raun ljósop. Án þessa ljósops værum við blind. Sjáöldrin í eru því eitt það dýrmætasta sem við eigum. Þetta merkir því að gæta mjög vel að einhverju sem er mjög dýrmætt.



## 10. KAFLI

# DREKI


Við horfumst í augu, örmagna og uppgefin.  
Ég hef aldrei séð þóri svona dapran. Augun  
í honum eru vot og vangarnir föllir. Vonleysið  
skín af honum. Meira að segja Kunnan er  
búinn að missa móðinn. Hann liggur bara  
í stafni og starir út í bláinn.

Mér líst best á að leggjast niður eins og  
Kunnan. Ég ætla að sleppa stýrinu en hika  
þegar ég kem auga á dökkan depil út við  
sjóndeildarhringinn. Hann færir nær og  
nær og tekur loks á sig mynd.

Dreki.

Stærðarinnar dreki með röndótt segl.  
Skildirnir við borðstokkinn eru skrautlegir.  
Kross á einum, ljón á öðrum, hrafn á þeim  
þriðja. Flestir mynstraðir og litríkir.

Mér bregður þegar ég sé grimmilegan hausinn  
sem er málaður í rauðum og gulum litum. Nú  
reiðist **landvætturinn**. **Sæfarar** eiga að taka niður  
drekahausinn áður en þeir nálgast land. Annars



Orð til skoðunar:  
að missa móðinn  
sæfarar  
gammur  
forviða  
farmur  
eru eins og hráviði  
árennilegur



Hvaða litur er það?  
Hverjir gátu átt  
svo litrík föt?



mun **gammurinn** grípa þá. Hver er svo djارفur að sigla inn fjörðinn og ögra landvættinni?

Maðurinn sem stendur í stafni er digur og dökkur á brún og brá. Kolsvart hárið minnir á hrafnfjaðrir. Hann er ríkmanlega búinn með **purpurarauða** skikkju yfir kyrtilinn.

Ég kannast strax við hann og það gerir þórir líka því hann æpir upp yfir sig.

„Pabbi!“

Ekkert svar berst frá skipinu.

„Hvaða ferðalag er á honum?“ spyr ég þóri.

„Ætli hann sé ekki að leita að hvalnum sem sást á reki,“ segir hann eins og við sjálfan sig.

„En á hvaða skipi er hann?“ Hann er ringlaður á svipinn.

„Pabbi!!!“ hrópar þórir eins hátt og hann getur og veifar báðum höndum.

Maðurinn hvessir á hann augun.

„Hann hlýtur að vera svona reiður,“ stamar þórir.

„Hámundur heljarskinn!“ hrópa ég og reyni að vera virðuleg í rómnum þótt ég sé öskureið.

„Hví lætur þú eins og þú þekkir ekki þinn eigin son!“

Maðurinn hlær trölslega.

„Svo þú ert sonur Hámundar bróður!“ kallar hann til Þóris. „Þig hef ég ekki séð áður en þó heyrst af þér. Þér svipar til föður þíns. Til okkar beggja reyndar.“

Við Þórir lítum hvort á annað. „Geirmundur,“ segjum við samtímis.

„Sá er maðurinn,“ heyrst úr skipinu.

Ég á erfitt með að trúá þessu. Þórir á það greinilega líka því hann gapir eins og fiskur. Geirmundur heljarskinn er tvíburabróðir Hámundar, ríkasti landnámsmaðurinn og stóreignamaður við Breiðafjörð og á Hornströndum. Geirmundur var lengi í víking og sigldi víða, en hefur þó aldrei heimsótt bróður sinn og fjölskyldu hans í Eyjafirði. Ég hef heyrt að þeir séu ósáttir, bræðurnir.

Þórir er sennilega smeykur við þennan fræga frænda sinn því hann segir ekki orð.

Geirmundur verður fyrri til. „Bittu fleyið ykkar, frændi,“ kallar hann og kastar til hans kaðli.

Þórir festir kaðalinn svo að skipið okkar  
liggur þétt upp við drekann.

„Má ekki bjóða ykkur um borð?“ spyr  
Geirmundur og varpar til okkar öðru reipi.

Ég er á báðum áttum og klappa Kunnan  
hugsi. Mér er illa við að skilja hann eftir.

„Það verður í lagi með rakkann,“ kallar  
Geirmundur. „Hann fer ekki langt.“



Ég hef engu að tapa hugsa ég og kem Högna mjóa og Mjárúnu hyrnu fyrir hjá Kunnan. „Gættu þeirra vel,“ hvísla ég að honum og hann svarar með lágu galti.

Þórir fer fyrstur upp en ég fylgi á eftir. Það eru hnútar á kaðlinum sem auðvelda klifrið en ég á samt erfitt með að komast alla leið sökum þreytu og hungurs.

Loks stöndum við þó bæði um borð í skipinu sem er drekkhlaðið timbri, kistum og tunnum. Ég virði **forviða** fyrir mér **farminn** en Þórir tekur ekki eftir honum, hann stendur bara og starir á mat á tunnuloki, risastórt kjötlæri sem stærðar hnífur stendur á kafi í.

„Á hvaða leið eruð þið unga fólkið, löngu eftir **náttmál?**“ rymur Geirmundur sem hefur sömu dimmu röddina og Hámundur bróðir hans.

Þórir lítur spyrjandi á mig en ég hristi höfuðið. Það kemur ekki til greina að segja frá. Við munum læra af reynslunni og gera aðra tilraun til að nema þessa eyju.

„Svo þið viljið ekki tala,“ hlær Geirmundur. „Þið svarið þá til saka gagnvart feðrum ykkar. Hámund bróður minn þekki ég vitaskuld en

Hvers vegna heldur þú að hafi verið mikilvægt að geta rakið ættir sínar á þessum tíma?

hverra manna er þessi mærlingur?“ Hann mærlingur mig út eins og hann sé að leita að kunnuglegum svip.

Ég rek ættir mínar, eins og mér hefur verið kennt, og segi með stolti: „Faðir minn er Helgi magri Eyvindarson í Kristnesi, sonur Eyvindar austmanns, skipasmiðs frá Noregi og Raförtu kóngsdóttur frá Írlandi. Móðir mín er Þórunn hyrna Ketilsdóttir flatnefs ...“

„Þú ert heppin að hafa ekki erfð nefið hans Ketils afa þíns,“ grípur Geirmundur fram í og rekur upp hláturroku. „Eða vaxtarlag föður þíns, hann er nú meira stráíð.“

Það sýður á mér. Hvað á þessi grobbni víkingur með að sigla hingað að Norðurlandi til að móðga fjölskyldu mína? Annað eins hefur nú kallað á hefnd. Ég ætla að mana þóri til að svara fyrir níðið en lít fyrst yfir skipið. Hér eru margir tugir manna, sumir sofa en aðrir sitja við árararnar, reiðubúnir að taka við skipunum frá Geirmundi. Sverð og spjót **eru eins og hráviði** um allt skipið. Þetta er ekki **árennilegur** flokkur. **Kapp er best með forsjá**, eins og pabbi segir alltaf.

Kapp er best með forsjá: að fara ekki af stað í einhver átök eða erfiði nema að hugsa aðeins áður



Þórir er ekki líklegur til hefnda heldur.  
Hann starir bara skammlaust á matinn  
þar til Geirmundur býður honum að borða.  
Þá rýkur hann til og sker sér stóra sneið af  
lærinu og treður henni upp í sig.

Ég er of stolt til að setjast hjá Þóri en á  
endanum sigrar hungrið og ég þigg mat.  
Við hámunum í okkur kjötið og drekkum  
svalandi skyr með.

Geirmundur fær sér sæti hjá okkur.  
„Þið eruð efnilegir sæfarar.“

Þórir umlar eitthvað með fullan munninn.


„Þessi fleki ykkar er þó ekki eins efnilegur,“  
segir Geirmundur og hlær.

„Þetta er ekki fleki, þetta er knörr,“ leiðrétti ég.

„Auðvitað er þetta knörr,“ viðurkennir  
Geirmundur. „Virðulegur og flottur knörr.“

Hann virðir Þóri fyrir sér.

„Ekki nenni ég að hitta bróður minn  
en syni hans hjálpa ég með ánægju.  
Nú siglum við áleiðis að Kristnesi með  
knörrinn fína í eftirdragi. Ég læt mína  
menn gera hann sjófæran meðan



Þið safnið kröftum. Þið skilið svo bara kveðju frá mér.“

Hann hugsar sig um.

„Nei annars, verið ekkert að því.“

Þórir umlar aftur en núna af því að hann er hálfsofnaður ofan í kjötlærið. Ég geispa og berst við að halda augunum opnum.

Það síðasta sem ég man er að Geirmundur nefnir einhverja gjöf.

### ÚTSKÝRINGAR Á ORÐUM:

Að missa móðinn þýðir að gefast upp.

Sæfarar eru þau sem sigla um höfin.

Gammur er stór fugl.

Forviða þýðir hissa.

Farmur er það sem krakkarnir tóku með um borð í flekann; matur og aðrir hlutir.

Eru eins og hráviði þýðir að hlutir liggja út um allt í óreiðu.

Árennilegur: að renna á eitthvað þýðir að hlaupa á eitthvað. Að eitthvað sé ekki árennilegt þýðir að það sé ekki góð hugmynd að ráðast á það.

## VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR VIÐ 10. KAFLA

Orðið dreki var notað um glæsilegan knörr (víkingaskip) með útskornu höfði.



Níð er baktal eða móðgun.



Náttmál eru klukkan níu að kvöldi.

Meira er um tímann aftast í bókinni.



Tvíburarnir Hámundur og Geirmundur heljarskinn koma fyrir í fornritunum. Faðir þeirra var héraðskonungur í Hörðalandi í Noregi og móðir þeirra kóngsdóttir í Bjarmalandi.

Viðurnefnið heljarskinn er talið vísa í útlit þeirra. Hámundur fylgdi Helga magra til Íslands og fékk land frá honum en Geirmundur var sjálfur landnámsmaður og nam land við Breiðafjörð og á Hornströndum.

Geirmundur er sagður ættgöfugastur allra landnámsmanna Íslands.



Frásögnin af fæðingu tvíburanna er merkileg. Móður þeirra þótti þeir svo ljótir þegar þeir fæddust að hún skipti á þeim og syni ambáttar sem henni þótti fallegri. Tvíburarnir ólust upp hjá ambáttinni til þriggja ára aldurs en þá komst upp um skiptin.

Þessa sögu er hægt að lesa í bókinni Íslendingaþættir sem er á heimasíðu Menntamálastofnunar.



Landvættirnar voru fjórar verur sem taldar voru gæta Íslands.

Hver landsfjórðungur hafði sína landvætti. Landvættur Norðurlands var gammur sem er stór grimmur fugl.



Hér kemur fyrir þjóðtrú tengd landvættunum, sem birtist í elstu lögum landsins. Þeir sem komu siglandi á dreka urðu að taka drekahöfuðið af skipinu áður en þeir komu nærri landi, annars myndu þeir kalla yfir sig reiði landvættarinnar.



## 11. KAFLI

# HEIM Í KRISTNES


Þegar ég vakna ligg ég í skipinu okkar með höfuðið ofan á mjúka brúna koddanum mínum. Ég er enn ekki viss um hvort Geirmundur heljarskinn hafi í raun og veru þjargað okkur á drekanum sínum. Mig hlýtur að hafa verið að dreyma. Og þó. Ég er þakksödd og Kunnan er að naga stærðarinnar bein.

Ég sest upp og nudda augun. Þórir situr við siglutréð og togar í reipi sem bundið er við þanið segl. Það er miklu stærra en seglið sem ég saumaði. Sterklegar, útskornar árar liggja hvor sínu megin við hann.

„Góðan dag!“ kallar Þórir glaðlega.

Ég er svo fegin að mig langar að æpa. Ég vil samt ekki vekja Högna mjóa og Mjárúnu hyrnu sem sofa vært upp við hlýjan feldinn hans Kunnans.

Við erum **hólpín**.



Orð til skoðunar:  
hólpín  
blær – logn – gola  
gjálfur  
að læsa klónum  
í eitthvað  
að nappa  
hraukur  
rútingur



Örlaganornirnar hafa spunnið okkur lengri þráð.

„Hvert skal sigla?“ spyr Þórir.

„Í suður,“ svara ég án umhugsunar.

„Það líst mér vel á,“ segir Þórir feginsamlega.

Við siglum í suðurátt, fram fjörðinn í átt að Kristnesi. Sólin er í suð-austri svo við vitum að það er miður morgunn. **Blærin** er hlýr en það lygnir eftir því sem sunnar dregur. Brátt er dottið á dúnalogn. Þórir fellir seglið og grípur í árarnar. Skipið skriður áfram í kyrrðinni, ekkert heyrist nema **gjálfrið** þegar árarnar grípa í vatnsborðið.

Loks komum við að lundinum okkar. Þórir stekkur yfir borðstokkinn og Kunnan eltir hann. Ég þríla varlega á eftir þeim með Högna mjóa og Mjárúnu hyrnu vafin inn í sjalið mitt.

Við vöðum upp á árbakkann og Þórir festir reipið við stóra steininn þar sem við lögðum frá landi. Það var á **þórsdegi** í fyrstu viku **sólmánaðar**. Ég veit ekki hvaða dagur er núna en mér líður eins og það sé óralangt síðan.

Við köstum mæðinni meðan sólin þurrkar vota fæturna. Blesa og Gráni eru farin. Þau

hafa skilið eftir skítaklessur sem iðandi flugur eru að gæða sér á. Þórir starir á veisluna.

„Ég trúí því ekki að þig langi í bita,“ segi ég hneyksluð.

Þórir hristir höfuðið hlæjandi.

„Ég gæti reyndar étið heilan hest,“ andvarpar hann og garnagaulið er svo hátt að kettirnir **læsa klónum** í kyrtilinn minn. Ég vef sjalínu betur utan um þá. Ég er líka orðin svöng á ný en það er ekkert að fá hér í kringum okkur. Berin eru ekki sprottin og ungarnir skriðnir úr eggjunum. Aðeins skurnin er eftir í hreiðrunum.

Við horfum upp eftir hlíðinni. Ótal lækir hafa brotið sér leið gegnum kjarrið og renna út í Eyjafjarðará sem síðan streymir út í sjó. Sjóinn þar sem ógnvekjandi hvalir ráða ríkjum. Ég er svo fegin að hafa ekki endað í hvalsmaga, hvað þá í hrömmunum á risatrölli í Dumbshafi.

Leiðin upp er nokkuð brött en við komumst þótt við séum lúin. Við nálgumst akurinn og Kunnan tekur geltandi á sprett til að reka burt geithafur sem er að gæða sér á nýsprottnu bygginu. Hafurinn jarmar ólundarlega og tekur á rás að túninu þar sem kýrnar eru á

beit. Þórir hleygur á eftir honum og Kunnan  
eltir hann eins og skugginn. Eftir stutta stund  
er hafurinn horfinn en Þórir krúpur hjá Skjöldu  
og nappar volgum mjólkursopa.



Síðan höldum við áfram heim. Morgunverkin eru hafin á Kristnesi, það rýkur úr bænum og högg berast úr smiðjunni. Hæurnar vappa um og tína í sig matarleifarnar úr **hrauknum** bak við bæinn. Hafurinn er kominn á undan okkur og nartar í skarvakálið í veggnum. „Mamma verður ekki ánægð með þetta,“ segi ég og siga Kunnan á hann.

Um leið og ég minnst á mömmu kemur hún þjótandi á móti okkur. Svuntan og skikkjan hafa flækst saman og hyrnan er skökk. Ég hef aldrei séð mömmu svona óvirðulega. Hún hrópar hástöfum: „Þorbjörg hólmasól! Mikið var!“


Ingunn systir kemur æðandi á eftir henni. Röddin er undarlega rám þegar hún skammar þóri á hlaupunum.

Við þórir horfumst laumulega í augu. Nú erum við í vanda.

„Hvað er í gangi? Voru börnin ekki heima?“ spyr pabbi sem stígur út úr smiðjunni við hrópin.

Mamma lítur hvöss á hann.

Ingunn andvarpar.



Hvers vegna eru mömmurnar svona æstar?

Síðan tala þær hvor í kapp við aðra. „Hvar voruð þið í nótt? Hvernig datt ykkur í hug að fara? Hvað eigum við að gera við ykkur ...?“

Mjárún hyrna og Högni mjói taka undir með þeim inni í sjalínu mínu. Ég set kettina niður á jörðina og Kunnan sleppir beininu til að gelta á þá.

„Þegiðu, Kunnan!“ skipar pabbi en hundurinn geltir bara hærra.

„Hundóféti,“ tautar pabbi móðgaður og sparkar í beinið.

Það er líklega þyngra en hann reiknaði með því hann æpir og haltrar um. Síðan tekur hann beinið upp og þefar af því. „Skógarbjörn,“ segir hann undrandi. „Ég hef ekki bragðað bjarnarsteik síðan í Noregi.“ Hann virðir okkur þóri rannsakandi fyrir sér.

Við erum sakleysið uppmálað.

„Hvar fékkstu þennan dýrindis **rúting**, drengur?“ spyr pabbi svo og bendir á hnífinn sem hangir við beltið hans þóris.

Þórir yppir öxlum. Hann dregur hnífinn úr slíðrinu og fægir hann á kyrtilfaldinum. Pabbi starir á beinhvítu skaftið sem er bryddað silfri. „Þetta er rostungstönn,“ segir hann eins og við sjálfan sig.





Þórir svarar engu heldur þússar hnífsblaðið hægt og vandlega þar til hann getur speglað sig í því. Ég veit að forvitnin er að fara með þabba því hann iðar og togar í skeggið á sér.

Þórir glottir.

Ég dusta kattahárin af kyrtlinum mínum. Hann er tættur eftir klærnar og flekkóttur af saltinu úr sjónum. Það fer ekki framhjá mömmu sem hristir höfuðið.

„Borða, borða, borða,“ sönglar Asla gamla sem situr og yljar sér í sólinni sunnan við bæinn.

„Ég væri reyndar til í mat,“ segir Þórir loks og strýkur magann.

„Kannski heilsteiktan skógarbjörn?“ segi ég og Þórir hlær svo dátt að hann dettur í grasið. Hann rétt nær að forðast að lenda á flugbeittum hnífnum.

Ég hníg hlæjandi niður í grasið við hliðina á honum og ríf kyrtlinn minn í leiðinni.

„Þórir Hámundarson, þú sem átt að geta borið sverð,“ segir Ingunn ávítandi.

„Þorbjörg hólmasól,“ stynur mamma.  
„Þú sem ert að komast á giftingaraldur.

Áhyggjur  
mæðranna af  
krökkunum eru  
ólíkar, hvað finnst  
þér um þetta?



## VANGAVELTUR OG HUGLEIÐINGAR VIÐ 11. KAFLA

Þorbjörg hólmasól  
heyrði Geirmund heljarskinn  
minnast á gjöf í 10. kafla.

Hvað gaf hann Þóri  
frænda sínum?



Dagarnir kölluðust sunnudagur,  
mánadagur, týsdagur,  
óðinsdagur, þórsdagur,  
frjádagur og laugardagur  
eða þvottadagur. Dagarnir

fengu þau heiti sem við notum  
núna á 12. öld.

Veistu hvað dagarnir  
heita á ensku eða dönsku?  
Hvort líkjast þau heiti gömlu  
eða nýju íslensku  
dagaheitunum?



### ÚTSKÝRINGAR Á ORÐUM:

Hólpín þýðir að vera sloppin/n úr hættu.

Blær, logn, gola eru ólík heiti yfir lítinn vind.

Gjálfur er lágt hljóð í vatninu.

Að læsa klónum í eitthvað þýðir að krækja í eitthvað,  
ná einhverju.

Að nappa þýðir að stela.

Hraukur er hrúga eða stafli.

Rýtingur er langur hnífur.

## LANDNÁM

Þorbjörg Hólmasól ætlar að nema land með Þóri frænda sínum. Landnámsmenn þurftu að taka allt með sem kæmi að gagni í nýja landinu. Ekki var hægt að kaupa neitt eða stóla á að fá neitt lánað þegar nýtt land var að byggjast upp.

- Hvað tóku Hólmasól og Þórir með sér?
- Hvað heldur þú að Helgi magri og Þórunn hyrna hafi tekið með frá Noregi?
- Hvernig gat fólk tryggt að búskapurinn yrði sjálfbær, það er að segja að nægur matur yrði til áfram í nýja landinu?
- Tók fólk eitthvað annað með sér milli landa, til dæmis eitthvað óáþreifanlegt? Hér þarftu að svara með óhlutstæðum orðum.
- Hvað myndir þú taka með þér ef þú þyrftir að flytja í annað land og vissir ekki hvort þú kæmir nokkurn tímann aftur í gamla landið?

## SÖGUR VERÐA TIL

Við eigum fornar sögur um landnám Íslands. Sögur um menn eins og Helga magra sem er kallaður fyrsti landnámsmaðurinn á Norðurlandi. Hann stýrði leiðangri til Íslands en nokkur skip urðu samferða. Sagt er að þrjátíu fjölskyldur hafi sest að á Eyjafjarðarsvæðinu í landnámi Helga magra. Mjög lítið er sagt frá konum og varla nokkuð frá börnum í þessum sögum. Í hópnum var líka vinnufólk og þrælar því á þessum tíma var ekki allt fólk frjálst. Sögurnar um þetta fólk voru ekki skráðar eins og sögurnar um ríku landnámsmennina sem áttu skipin.

- Veltu því fyrir þér hvernig þekking um fortíðina varðveitist. Hvaða máli skiptir hvernig sögur eru sagðar?
- Hvaða máli skiptir frá hverjum er sagt?
- Hvað getum við gert til að skilja fólkið sem ekkert er skrifað um?
- Ímyndaðu þér að bekkurinn þinn færi í ferðalag saman. Heldur þú að allir myndu segja eins frá ferðinni?
- En að tuttugu árum liðnum?
- Hvernig lifa sögur og hvernig breytast sögur?





Högna mjói og Mjárún hyrna eru aukapersónur í þessari bók en þau fá að vera með til að minna á forna skýringu á landnámi Íslands. Áður voru margir héraðskonungar í Noregi en einn þeirra, Haraldur að nafni, vildi verða konungur yfir öllu landinu. Hann hét því að skerða hvorki hár sitt né skegg fyrr en hann hefði unnið allan Noreg. Þegar það tókst snyrti hann loks hár sitt og fékk þá viðurnefnið Haraldur hárfagri. Sagt var að þeir sem námu land á Íslandi hefðu verið að flýja undan yfirgangi Haralds hárfagra.

- Hvað kemur fram um Högna mjóa og Mjárúnu hyrnu í bókinni? Berðu það saman við söguna um Harald hárfagra og landnámið á Íslandi.



Fólkið sem sagt er frá í Landnámu og Íslendingabók kom flest frá Noregi. En margt fólk kom líka frá Bretlandseyjum og Írlandi.

Í þeim hópi voru einkum konur, sumar höfðu giftst norrænum mönnum, aðrar voru vinnukonur og enn aðrar ambáttir (þrælar).

- Reyndu að setja þig í spor ófrjálsrar konu sem þarf að flytja milli landa með ókunnugu fólki, fyrst frá Írlandi til Noregs og síðan þaðan til Íslands. Notaðu 1. persónu frásögn til að gefa henni rödd.
- Hvernig líður henni?
- Hvað er hún að hugsa?



## ÓLÍK HLUTVERK, ÓLÍK TÆKIFÆRI

Á þessum tíma voru hlutverk kvenna og karla ólík. Karlar sinntu ákveðnum verkefnum og konur öðrum.

Veltu því fyrir þér hvernig þetta birtist í bókinni.

Hugsaðu um fullorðna fólkið.

Hugsaðu um krakkana.

- Hvað finnst þér um þessa verkaskiptingu?
- Hvað myndir þú vilja vinna af þessum verkum?
- Myndi verkaskiptingin vera svona nú til dags?
- Eru enn þá gerðar mismunandi kröfur til kynja?
- Hvernig breytast svona hlutir eins og viðhorf okkar til kynja?



Eitt af því sem kemur fram er að Hólmasól sé að nálgast giftingaraldur. Á þessum tíma réð faðirinn mestu, meira að segja því hverjum dóttir hans giftist. Stúlkur voru jafnvel giftar fjórtán ára.

- Hvað finnst þér um þetta fyrirkomulag?

Heldurðu að konur hafi alls staðar í heiminum fullt frelsi yfir eigin lífi og framtíð?



Þóri er aldrei sagt að hann sé að verða nógu gamall til að ganga í hjónaband. Hann er hins vegar að verða nógu gamall til að bera vopn. Efnilegir piltar töldust færir um að bera sverð og hefna um tólf ára aldur.

Finnst þér þetta skynsamlegt?

Hvaða hætta getur skapast af því að unglingar beri vopn?

Hvaða hætta getur skapast af því að vopn séu almennt aðgengileg?



Íslendingasögurnar gerast á fyrstu 150 árum Íslandsbyggðar og þar eru ótal vopnaðir bardagar. Á 13. öld urðu gríðarleg átök á Íslandi með mannskæðum bardögum og orrustum.

Hugsaðu nú bæði um fortíðina og nútímann og reyndu að draga ályktanir af því sem þú veist.

Hvernig er hægt að draga úr líkum á því að vopnuð átök eigi sér stað?

## NÖFN OG VIÐURNEFNI

1. Á landnámstímanum var algengt að bæta viðurnefni aftan við nafn fólks. Sum viðurnefni hljóma eins og verstu uppnefni. Til dæmis hét pabbi Þórunnar hyrnu Ketill en var kallaður Ketill flatnefur. Hvernig heldur þú að hann hafi litið út?
2. Hvað finnst þér um viðurnefni Helga magra? Heldurðu að hann hafi verið ánægður með það? Dettur þér í hug betra viðurnefni handa honum?
3. Sum viðurnefni voru hins vegar mjög jákvæð, til dæmis viðurnefni Auðar djúpúðgu, systur Þórunnar hyrnu. Merking þess kemur fram í bókinni. Hvað segir þetta viðurnefni okkur um stöðu Auðar og viðhorf fólks til hennar?
4. Þórunn hyrna hafði allt öðruvísi viðurnefni. Rifjaðu upp hvað hyrna merkir, það stendur fremst í bókinni. Hvers vegna heldur þú að systurnar hafi fengið svona ólík viðurnefni? Getum við eitthvað ráðið í persónuleika þeirra út frá viðurnefnunum?



5. Í bókinni kemur fram hvernig Þorbjörg Hólmasól fékk viðurnefni sitt. Rifjaðu það upp. Er þetta viðurnefni jákvætt? Gefur það einhverjar vísbendingar um tilfinningar Helga magra til litlu dótturinnar?
6. Hvað segja þessi ólíku viðurnefni okkur um það hvernig fólk bjó til viðurnefni? Heldur þú að viðurnefnin hafi haft einhvern tilgang?

## ÖRNEFNI Í SÖGUNNI

Eyjafjörður

Hrísey

Eyjafjarðará

Árskógsströnd

Suðureyjar

Kristnes

Írland

Galtarhamar

Bjarmaland

Grímsey

Ísland

Dumbshaf fyrir  
norðan allt


1. Hvaða örnefni þekkir þú þar sem þú býrð?
2. Veldu eitt af örnefnunum og kynntu þér á netinu eða á bókasafninu. Búðu til örstutta kynningu þar sem kemur fram hvar staðurinn er og hvað þú sérð heillandi við hann.

## SAGAN Í SAMTÍMANUM

1. Sögupersónur lifa víðar en í bókum. Á Akureyri eru tvær götur nefndar eftir foreldrum Hólmasólar. Göturnar heita Þórunnarstræti og Helgamagrastræti. Á milli þessara gatna stendur leikskóli. Hvað heldur þú að leikskólinn heiti?



2. Helgi magri reisti bæinn Kristnes og þar ólst Hólmasól upp. Finndu Kristnes á korti og aflaðu þér upplýsinga um staðinn. Hvað er núna á Kristnesi?



3. Skammt frá leikskólanum er stytta af Helga magna og Þórunni hyrnu. Af hverju heldur þú að reist hafi verið stytta af þeim á Akureyri?

## FRAMHALDSSAGAN

1. Hólmasól vill smíða skip og nema land eins og frænka hennar, Auður djúpúðga. Auður (sem er sums staðar nefnd Unnur) var systir Þórunnar hyrnu. Auður var rík ekkja sem stýrði stórum og glæsilegum knerri til Íslands. Hún nam land í Dölunum og er eina landnámskonan sem sagt er rækilega frá í fornum ritum.

Þrjú hundruð árum eftir að Auður flutti til Íslands var skrifuð spennandi saga um langalangömmubörn hennar, stráka sem hétu Kjartan og Bolli, og Guðrúnu nágranna þeirra sem þeir voru báðir skotnir í.

2. Hvaða saga er þetta?
3. Hvað verður um Kjartan og Bolla í þeirri sögu?

## VÍSINDI Á LANDNÁMSÖLD

1. Fólk á landnámsöld átti ekki klukkur en það skipti sólarhringnum niður í átta bil sem kölluðust eyktir.

Eyktirnar eru þessar:

Ótta kl. 3

Miður morgunn eða rismál kl. 6

Dagmál kl. 9

Miðdegi eða hádegi kl. 12

Nón kl. 15

Miður aftann eða miðaftann kl. 18

Náttmál kl. 21

Miðnætti eða lágnætti kl. 24

Finndu dæmi um það í bókinni hvernig Hólmasól notar sólina til að átta sig á tímanum.

Hvernig heldurðu að samfélagið núna myndi ganga ef enginn ætti klukku eða önnur tæki til að mæla tímann?



**2.** Þekking á stjörnum himinsins skipti miklu máli fyrir þau sem vildu sigla. Hólmasól stýrir því hún þekkir stjörnurnar. Hún veit til dæmis að Pólstjarnan er alltaf í norðri. Siglingafólk gat líka tekið mið af því hvernig fuglar og hvalir hegða sér þegar þeir nálgast land.

Hvaða tækni er núna notuð til að rata milli landa?

Hver er munurinn á því að sigla eftir stjörnunum eða sigla með nútímatækni?

Notaðu nútímatækni til að finna siglingaleiðina sem krakkarnir ætluðu að fara frá Kristnesi.



# HÓLMASÓL

ISBN 978-9979-0-2890-1

© 2024 Brynhildur Þórarinsdóttir

©2024 myndhöfundur Halldór Baldursson

Ritstjórar: Sigríður Wöhler og Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Ljósmyndir á bls. 99

Efri: birt með leyfi Hjallastefnunnar Akureyri, Alfa Björk Kristinsdóttir

Neðri: Shutterstock

Fagleg ráðgjöf og yfirlestur:

Magdalena Berglind Björnsdóttir grunnskólakennari

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2024

Menntamálastofnun Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Prentmiðlun ehf./ Lettland – umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar, myndhöfundar og útgefanda.





Þorbjörg Hólmasól og Þórir frændi hennar eru að undirbúa stórt verkefni sem þau vilja ekki segja foreldrum sínum frá. Þau taka mikla áhættu og lenda í bráðum háska en skyldu þau sleppa lifandi frá þessu bralli? Hólmasól í háska er saga um kröftuga krakka sem voru uppi á landnámsöld en við sögu koma jafnt þekktir vikingar sem óþekkir ferfætlingar.

Höfundur texta er Brynhildur Þórarinsdóttir. Hún er barnabóka-  
höfundur og dósent í íslensku við kennaradeild H.A.

Myndhöfundur er Halldór Baldursson.